



FRÉTTABRÉF VATNSENDASKÓLA

Heil og sæl kærur nemendur, foreldrar og starfsmenn Vatnsendaskóla.

Komið er fram í nóvember og farið að dimma. Það er því mikilvægt að muna eftir endurskinsmerkjum, börnin þurfa að sjást vel á leið sinni í skólann. Hér búum við líka í hverfi þar sem lýsing er minni en gengur og gerist því hugmyndin við skipulag hverfisins var sveit í borg.

Vinagangan föstudaginn 8. nóvember gekk mjög vel þó hvasst væri og rigning. Við enduðum dagskrána eftir gönguna inni í íþróttasal. Þar komu saman allir 600 nemendur skólans, starfsfólk og elstu nemendur leikskólans Sólhvarfa. Allir tóku þátt í hópðansi og skemmtu sér vel.



Við tókum einnig á móti gestum Heimilis og skóla sem veittu Vöndu Sigurgeirsdóttur hvatningarverðlaun á degi gegn einelti 8. nóvember. Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra veitti verðlaunin. Vinaliðar Vatnsendaskóla tóku á móti gestum, nemendur í 1. Blágresi sungu skólasöng Vatnsendaskóla og nemendur okkar úr Skólahljómsveit Kópavogs léku skólasönginn á hljóðfæri sín eftir útsetningu Össurar Geirssonar hljómsveitarstjóra. Skólasöngurinn, bæði texti og lag er einstaklega fallegur og er eftir Baldvin Snæ Hlynsson, útskrifaðan nemanda Vatnsendaskóla. Einnig fluttu ávörp á athöfninni, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður Heimilis og skóla, Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs, Salka Sól Eyfeld söng- og leikkona og Vanda Sigurgeirsdóttir verðlaunahafi.

Vatnsendaskóli er
hnetulaus skóli

Skipulagsdagur
verður
fimmtudaginn 21.
nóvember. Frístund
verður lokuð þann
dag.

Opið hús fyrir
foreldra í skólanum
miðvikudaginn 20.
nóvember.

Tímasetningar:

1. – 4. bekkir
8:50-9:30

5. – 7. bekkir
8:10-9:30

8. – 10. bekkir
8:30-9:30

Vatnsendaskóli
Funahvarfi 2
203 Kópavogur

441 4000

Vatnsendaskoli
@kopavogur.is

Vanda hefur ásamt samstarfsfólki sínu unnið mikið með okkur í Vatnsendaskóla, allir starfsmenn fóru á verkfærakistu námskeið á síðasta skólaári undir hennar stjórn og einnig leiðtoga og samskiptanámskeið. Þessi verkefni hafa eflt starfsfólk skólans og verið leiðarljós okkar í vinnu með nemendum okkar þegar takast þarf á við samskiptavandamál og við að efla góða samskiptahæfni. Góð samskipti og vinátta skipta okkur öll miklu máli.

Uglu lestrarátakið er nú í fullum gangi. Nemendur keppast við lesturinn og skrá síðan á uglu hve mikið var lesið í hverjum árgangi á degi hverjum. Við finnum síðan út að lestrarátaki loknu hvaða árgangur skólans hefur lesið mest í atakinu og hlýtur Ugluna að launum. Keppnin er spennandi og leggja nemendur sig fram við lesturinn.

Rithöfundar streyma til okkar þessa dagana og lesa fyrir nemendur úr nýjum bókum. Árni Árnason las fyrir nemendur 5. – 7. bekkja úr bók sinni um Friðberg forseta. Ævar vísindamaður kom til okkar þriðjudaginn 12.11 og las fyrir 3. -7. bekk úr bókinni Þinn eigin tölvuleikur. Við eigum einnig von á Bjarna Fritzsyni sem ætlar að lesa úr bók sinni um Orra óstöðvandi.

Mikill skákáhugi er í Vatnsendaskóla og eru æfingar á fimmtudögum eftir hádegi fyrir alla aldurshópa. Skákkennari skólans er Kristófer Gautason og eru allir nemendur skólans sem áhuga hafa á skák velkomnir á æfingarnar. Í þessari viku er Meistaramót Kópavogs í liðakeppni í gangi og sendum við nemendur á mótið frá 2. og upp í 9. bekk.

Þess má geta að fjórir drengir úr 5. bekk, þeir Jóhann, Arnar Logi, Guðmundur Orri og Mikael Bjarki fóru í æfingaferð til Svíþjóðar í október ásamt fleiri félögum úr Breiðabliki og var Kristófer þjálfari með í för.



Opið hús verður í Vatnsendaskóla miðvikudaginn 20. nóvember. Þann dag á Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 30 ára afmæli. Nemendur munu vinna verkefni tengd barnasáttmálanum þennan dag og er foreldrum boðið að koma í heimsókn á kennslusvæði nemenda og sjá og jafnvel taka þátt í vinnu barna sinna. Tímasetningar eru á grænum flípa á fyrstu síðu. Okkur vantar fulltrúa foreldra í stýrihóp skólans vegna vinnu við innleiðingu barnasáttmálans í skólstarfið.

Bestu kveðjur, starfsfólk og stjórnendur Vatnsendaskóla.

Tilkynna þarf
veikindi nemenda
í síma 441 4000
eða skrá þau á
mentor.is

Minum á
endurskinsmerki

Það er farið að
dimma og
mikilvægt að
börnin sjáist vel í
umferðinni

Mentor appið er
hægt að nálgast
bæði fyrir apple
og android tæki

Gildi Vatnsendaskóla
eru virðing, vinátta,
samvinna og
skapandi starf.